

## Ágrip af sögu STV-aðferðarinnar

Aðalfyrirmynd að forgangsröðunaraðferðinni, STV, er að finna á Írlandi en þar hefur kerfið verið notað alfarið í kosningum um langa hríð. Fyrirkomulag Íra er notað allvíða í hinum engilsaxneska heimi. Hugmyndin á rætur að rekja til Bretlands á öndverðri nítjándu öld, en var líka uppgötvuð af dananum Carl Andræ um miðja þá öld.

Ekki hefur mikið verið ritað um forgangsröðunaraðferðina hér á landi. Fyrsta ítarlega lýsingin, svo vitað sé, er í grein eftir Baldur Símonarson í *Alþýðublaðinu* 6. nóvember 1968, undir heitinu *Persónulegar hlutfallskosningar*.

Nokkrum árum síðar, eða 1976, birtist í tímaritinu *Stefni*, 27. árg., 5.–6. tbl., grein eftir Jón Steinar Gunnlaugsson, *Innleiðum persónukjör*, þar sem hann lýsir forgangsröðunaraðferðinni í smáatriðum undir heitinu persónukjör með valkostum. Tilefnið var að samvinnunefnd ungliðasamtaka þriggja stjórn málaflokka, Sambands ungra framsóknarmanna, Sambands ungra jafnaðarmanna og Sambands ungra sjálfstæðismanna, skilaði sameiginlegri álitsgerð um „kjördæmaskipan og kosningarréttarmálefni“ sem birt er í sama hefti tímaritsins. Er þar lagt til að tekin verði upp umrædd aðferð, sú sem hér er nefnd forgangsröðunaraðferð. Þingsæti verði sjö í hverju kjördæmi og innan hvers þeirra verði sætum úthlutað með aðferðinni í sinni upprunalegu írsku mynd, þ.e. að kjósendur séu ekki bundnir af flokkslistum heldur velji þeir einstaklinga þvert á flokka ef þeim hugnast það.

Í riti Björns S. Stefánssonar *Lýðræði með raðvali og sjóðvali*, sem út kom 2003, er víða vikið að forgangsröðunaraðferðinni.

Enn fremur má benda á pistil á vefsíðu landskjörstjórnar undir heitinu *Um persónukjör*.



## Sameiginleg álitsgerð um kjördæmaskipan og kosningarréttarmálefni

### Persónukjör með valkostum.

Eftir að hafa athugað margar mismunandi kosningaraðferðir og leitað víða fanga höfum við orðið sammála um að leggja til að upp verði tekin sú tilhögun sem tilkast á Írlandi og víðar, en hana má kalla „persónukjör með valkostum“. Hér er um að ræða persónubundna kosningu, þ.e. sem kosnir eru fleiri en einn frambjóðandi úr hverju kjördæmi.